


FJÁRREIÐUR RÍKISSJÓÐS MÁNAÐARYFIRLIT

JÚNÍ



Inngangur

Reikningsskil ríkissjóðs grundvallast á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Í 60. gr. laganna er fjallað um mánaðarlegt uppgjör Fjársýslu ríkisins sem taka eigi saman greiðsluhreyfingar A-hluta ríkissjóðs vegna næstliðins mánaðar með samanburði við áætlanir innan ársins og útkomu sama tímabils á undan. Þar eigi að koma fram upplýsingar um innheimtar tekjur, greidd gjöld, fjárfestingu, fjármögnun og skuldastöðu.

Yfirlitið samanstendur af eftirfarandi yfirlitum:

- Yfirlit um afkomu
- Efnahagsreikningur
- Sjóðsstreymi
- Sundurliðun tekna
- Yfirlit yfir málefnasvið
- Yfirlit yfir málefnasvið skipt niður á eðli útgjalda
- Yfirlit yfir hagræna skiptingu niður á málefnasvið
- Lánayfirlit

Mánaðaryfirlit ríkissjóðs fyrir janúar – júní 2022 liggur nú fyrir. Í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna á tímabilinu og gjaldfærðra gjalda. Í þessu uppgjöri er ekki búið að taka að fullu tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu, bæði á tekju- og gjaldahlið, sem ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Áætlanatölur í þessu mánaðaryfirliti byggja samþykktum rekstraráætlunum ríkisaðila og áætlaðri dreifingu tekna innan ársins. Þegar horft er á samstæðu A-hluta ríkissjóðs í heild gera staðlar ráð fyrir að í henni verði búið að eyða út innbyrðisfærslum, bæði innan stofnana og á milli fjárlagaliða. Búið er að taka tillit til innbyrðisfærslna vegna viðskipta milli stofnana að mestu í þeim yfirlitum sem hér eru birt.

Í lok árs 2021 ákvað ríkisstjórn að fara í breytingar á skiptingu verkefna milli ráðuneyta þar sem meðal annars voru stofnuð tvö ný ráðuneyti og ýmsir ríkisaðilar fluttust á milli ráðuneyta og einhverjir skiptust upp. Þetta hefur þýtt umfangsmikla vinnu við uppsetningu aðila í fjárhagskerfum undir nýjum númerum, uppfærslu áætlana, tilfærslu á kostnaði og ýmislegt þess háttar. Í þessu yfirliti er búið að taka tillit til þessara breytinga að hluta, en gert er ráð fyrir að vinnunni ljúki á næstu vikum og verði orðið fullbúið í september uppgjöri.

Gerðar hafa verið flokkunarbreytingar á því hvaða ríkisaðilar flokkast með hvaða hluta. Þannig var A-hluta ríkissjóðs skipt í þrjá hluta þar sem A-1 endurspeglar ríkisaðila sem áður tilheyrðu A-hluta en undir A-2 og A-3 flokkast ríkisaðilar sem að stærstum hluta flokkuðust áður undir B-hluta og einhverjir undir C-hluta ríkissjóðs. Í þessu mánaðaryfirliti er fjallað um A1-hluta ríkissjóðs en aðrir hlutar koma inn með hlutdeild í afkomu.

Rekstraryfirlit tímabilsins sýnir neikvæðan tekjujöfnuð að upphæð 83,7 ma.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði neikvæður um 109,5 ma.kr. Innheimtar tekjur án fjármunatekna námu samtals 455,9 ma.kr.

á meðan áætlanir gerðu ráð fyrir 419,4 ma.kr. og voru því um 36,5 ma.kr. hærri. Skattar og tryggingagjöld voru samtals 29,4 ma.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Stærstu frávikin eru í tekjum af virðisaukaskatti sem voru um 14,5 ma.kr. hærri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Þá voru skattar á fjármagnstekjur 5,4 ma.kr. umfram áætlanir og eignarskattar 2,5 ma.kr. Frekari greining á frávikum í tekjum er að finna í yfirliti 4. Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 539,6 ma.kr. á meðan áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir 528,9 ma.kr. Laun og launatengd gjöld voru 22,2 ma.kr. yfir áætlunum þar sem mest munar um gjaldfærslu vegna áætlaðrar hækkunar lífeyrisskuldbindingar. Breyting á lífeyrisskuldbindingu hefur áður verið tekin aðeins inn í ársuppgjöri, en breytingin nú er áætluð út frá breytingu á vísitölu lífeyrisskuldbindinga samkvæmt Hagstofu Íslands. Annar rekstrarkostnaður var svo 9,7 ma.kr. lægri en áætlanir, fjármagnstilfærslur 1,3 ma.kr. lægri og rekstrartilfærslur 1,6 ma.kr. hærri. Fjármagnsgjöld voru 66,1 ma.kr. samanborið við 33,4 ma.kr. í áætlunum og fjármunatekjur 3,9 ma.kr. samanborið við áætlun upp á 6,9 ma.kr. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals voru neikvæð um 62,2 ma.kr. samanborið við áætlun upp á 26,5 ma.kr. en frávik frá áætlun skýrist að stærstum hluta með áhrifum af gengisbreytingum og verðbótum. Hrein afkoma af hlutdeildarfélögum og samrekstri var neikvæð um 28,7 ma.kr. þar sem mest munar um neikvæða afkomu af Seðlabanka Íslands á tímabilinu. Undir þetta falla þau félög sem höfðu skilað uppgjöri fyrir fyrri hluta ársins við undirbúnings þessa uppgjors ríkissjóðs og er ekki tæmandi fyrir þau félög. Rekstrarafkoma ríkissjóðs (A1-hluta) var því neikvæð um 174,5 ma.kr. á tímabilinu.

Handbært fé til rekstrar A1-hluta ríkissjóðs nam um 74,8 ma.kr. á tímabilinu þar sem innheimtar tekjur námu 465,9 ma.kr. og greidd gjöld 540,7 ma.kr. Fjárfestingahreyfingar voru jákvæðar á tímabilinu og nam hreint innstreymi vegna þeirra 32,9 ma.kr. Þar hafði sala á hlutum ríkissjóðs í Íslandsbanka stærst áhrif og síðan áhrif af mótteknum arði. Hreint innstreymi vegna fjármögnunarhreyfinga nam 87,4 ma.kr. og hækkaði staða á handbæru fé um 45,4 ma.kr. og nam 422,5 ma.kr. í lok júní.

Yfirlit 5, 6, 7 og 8 sýna sundurliðun á útgjaldapróun eftir málefnasviðum. Þar eru dregin fram rekstraráhrif annars vegar og fjárfestingar hins vegar. Yfirlit 5 sýnir samandregna afkomu 35 málefnasviða þar sem horft er á rekstur sem útgjöld að frádregnum tekjum stofnana, þá er jafnframt birt fjárfesting tímabilsins. Til samanburðar er svo áætlun tímabilsins sem inniheldur áætlaðar fjárfestingar. Niðurstaða þessa yfirlits er að rekstrargjöld að frádregnum rekstrartekjum námu 569,1 ma.kr. og fjárfestingar tímabilsins samtals um 17,2 ma.kr. Áætlun fyrir tímabilið gerði ráð fyrir 546,2 ma.kr. og eru útgjöldin því 40,1 ma.kr. yfir áætlunum. Frávik eru misjöfn eftir málefnasviðum en helstu frávik eru þau að sjúkrahúspjónusta er 11,1 ma.kr. yfir áætlunum, heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa 3,6 ma.kr. og fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbinding 30,1 ma.kr. Á móti var málefnasvið vinnumarkaðar og atvinnuleysis 6,5 ma.kr. innan áætlana og hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta tæpum 4 ma.kr. innan áætlana. Yfirlit 6 sýnir sömu niðurstöðu nema að þar eru rauntölurnar brotnar niður í eðli útgjaldanna, rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur, fjárfestingarframlög og rekstrartekjur. Yfirlit 7 sýnir síðan nánara sundurbrot á þessari hagrænu skiptingu útgjalda samanborið við áætlanir.

Yfirlit 8 sýnir stöðu lánamála þar sem rakin er breyting á fjármögnun frá árslokum 2021 til loka júní 2022. Samandreginn efnahagsreikningur kemur fram í yfirliti 2. Í efnahag eru eignarhlutir ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum áfram metnir með sama hætti og gert var í ársuppgjöri og birtust í ríkisreikningi.

Mánaðaryfirlit A – hluta ríkissjóðs



janúar – júní 2022

Yfirlit 1 – Rekstraryfirlit

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun 2022	Áætlun	Frávik	Raun 2021
Tekjur				
Skatttekjur	364.252	338.537	25.716	316.942
Tryggingagjöld	54.661	50.987	3.673	47.288
Aðrar ríkistekjur	10.839	15.476	-4.637	8.354
Ríkistekjur samtals	429.752	405.954	23.798	372.584
Sala á vöru og þjónustu	8.424	11.617	-3.194	12.528
Aðrar tekjur	17.721	2.744	14.976	16.856
Tekjur af starfsemi samtals	26.144	14.362	11.782	29.384
Tekjur samtals	455.896	419.361	36.535	401.968
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	188.938	166.725	-22.212	141.128
Annar rekstarkostnaður	110.084	119.785	9.702	103.840
Fjármagnstilfærslur	6.205	7.526	1.321	10.375
Rekstrartilfærslur	222.941	224.493	1.552	243.073
Afskriftir	11.390	10.375	-1.015	10.711
Gjöld samtals	539.557	528.904	-10.653	509.127
Afkoma fyrir fjármagnsliði	-83.661	-109.543	25.882	-107.159
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur, verðbætur og tekjur af eignarhlutum	3.911	6.928	-3.017	-14.851
Vaxtagjöld og verðbætur	66.133	33.416	-32.717	15.750
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	-62.223	-26.488	-35.735	-30.601
Rekstrarafkoma án afkomu af hlutdeildarfélögum	-145.884	-136.031	-9.853	-137.760
Hrein afkoma af hlutdeildarfélögum og samrekstri	-28.659	-	-28.659	11.285
Rekstrarafkoma	-174.542	-136.031	-38.512	-126.476

Mánaðaryfirlit A – hluta ríkissjóðs



janúar – júní 2022

Yfirlit 2 – Efnahagsreikningur

Allar tölur eru í millj.kr.

	30.06.2022	01.01.2022
Eignir		
Fastafjármunir		
Óefnislegar eignir	4.443	4.004
Áhöld, tæki og búnaður	21.814	22.165
Farartæki og vélar	18.116	18.408
Fasteignir	274.198	267.974
Samgöngumannvirki	669.581	667.700
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	983.710	976.247
Áhættufjármunir og langtímakröfur		
Langtímakröfur	71.474	68.344
Eignarhlutir í öðrum félögum	1.075.493	1.188.429
Erlent stofnfé	14.303	13.052
Áhættufjármunir og langtímakröfur samtals	1.161.270	1.269.826
Fastafjármunir samtals	2.149.423	2.250.076
Veltufjármunir		
Óinnheimtar ríkistekjur	112.198	116.196
Næsta árs afborganir af langtímakröfum	4.556	4.733
Birgðir	6.085	4.095
Skammtímakröfur	81.200	27.522
Handbært fé	422.473	377.030
Veltufjármunir samtals	626.513	529.575
Eignir samtals	2.775.936	2.779.651

Mánaðaryfirlit A – hluta ríkissjóðs



janúar – júní 2022

Yfirlit 2 – Efnahagsreikningur

Allar tölur eru í millj.kr.

	30.06.2022	01.01.2022
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	-14.450	165.514
Skuldir		
Langtímaskuldir og skuldbindingar		
Langtímaskuldbindingar	839.569	799.930
Langtímaskuldir	1.501.567	1.310.572
Sérleyfissamningar	15.185	15.185
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals	2.356.322	2.125.687
Skammtímaskuldir		
Lánastofnanir og ríkisvixlar	88.245	166.991
Næsta árs afborganir langtímalána	184.390	184.445
Viðskiptaskuldir	32.642	28.606
Ýmsar skammtímaskuldir	128.787	108.408
Skammtímaskuldir samtals	434.065	488.451
Skuldir samtals	2.790.386	2.614.138
Eigið fé og skuldir samtals	2.775.936	2.779.651

Mánaðaryfirlit A – hluta ríkissjóðs



janúar – júní 2022

Yfirlit 3 – Sjóðstreymi bein aðferð

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun
Rekstrarhreyfingar	
Inngreiðslur	465.878
Skatttekjur	364.252
Tryggingagjöld	54.661
Aðrar ríkistekjur	10.839
Fjármunatekjur	9.982
Sala á vöru og þjónustu	8.424
Aðrar tekjur	17.721
Útgreiðslur	540.715
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar	257.382
Framlög og tilfærslur	229.146
Fjármagnskostnaður	54.187
Rekstrarhreyfingar samtals	-74.837
Fjárfestingarhreyfingar	
Fjárfesting	-19.292
Veitt löng lán	-12.025
Afborganir af veittum lánum	2.824
Mótttekinn arður	29.004
Birgðabreyting	-1.990
Söluverð eignarhluta í félögum	43.157
Hlutfé, eignarhlutar og stofnfjárframlög	-8.791
Fjárfestingarhreyfingar samtals	32.886
Fjármögnunarhreyfingar	
Skammtímaskuldir, breyting	-40.152
Viðskiptakröfur, breyting	-49.503
Tekin langtímalán	210.610
Afborganir lífeyrisskuldbindingar	-2.000
Afborganir af teknum langtímalánum	-31.560
Fjármögnunarhreyfingar samtals	87.394
Breyting á handbæru fé	45.444
Handbært fé í ársbyrjun	377.030
Breyting á handbæru fé	45.444
Handbært fé	422.473

Mánaðaryfirlit A – hluta ríkissjóðs



janúar – júní 2022

Yfirlit 4 – Sundurliðun tekna

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik	Fyrri ár
Skatttekjur og tryggingagjöld	418.913	389.524	29.389	364.230
Skattar á tekjur og hagnað	157.321	152.330	4.991	138.397
Tekjuskattur, einstaklingar	104.430	103.871	559	97.897
Tekjuskattur, lögaðilar	27.524	28.511	-987	26.617
Skattur á fjármagnstekjur	25.367	19.948	5.419	13.883
Skattar á launagr. og vinnuafli	5.087	4.565	522	4.519
Fjársýsluskattur	1.682	1.575	107	1.572
Annað	3.406	2.990	416	2.947
Eignarskattar	9.768	7.281	2.487	7.399
Stimpilgjöld	3.226	3.387	-161	3.462
Erfðafjárskattur	6.086	3.423	2.663	3.510
Aðrir eignarskattar	457	471	-15	428
Skattar á vöru og þjónustu	182.952	166.069	16.883	155.684
Virðisaukaskattur	138.346	123.850	14.496	116.061
Vörugjöld af ökutækjum	3.906	2.861	1.046	2.818
Vörugjöld af bensíni	4.376	4.075	301	3.237
Olíugjald	5.953	5.267	686	4.933
Kolefnisgjald	3.485	2.927	558	2.460
Áfengisgjald	10.176	10.575	-399	10.620
Tóbaksgjald	2.513	2.725	-212	2.864
Vörugjald, umhverfisskattar	3.086	2.803	283	2.499
Önnur vörugjöld	320	464	-144	412
Sértækir þjónustuskattar	4.107	4.129	-22	3.642
Bifreiðagjald	4.245	3.926	320	3.657
Aðrir neyslu- og leyfisskattar	2.439	2.467	-28	2.481
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.212	1.630	582	1.890
Aðrir skattar	6.912	6.662	250	9.052
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	2.552	2.445	107	2.449
Útvarpsgjald	1.888	1.506	382	1.563
Sérstakur skattur á fjármála fyrirtæki	2.033	2.033	0	4.551
Ýmsir skattar á atvinnurekstur	438	678	-240	489

Mánaðaryfirlit A – hluta ríkissjóðs



janúar – júní 2022

Yfirlit 4 – Sundurliðun tekna

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik	Fyrri ár
Tryggingagjöld	54.661	50.987	3.673	47.288
Tryggingagjald almennt	31.627	29.586	2.041	27.340
Fæðingaorlofssjóður	9.983	9.363	620	8.640
Atvinnutryggingagjald	12.490	11.518	972	10.822
Önnur tryggingagjöld	561	520	41	485
Fjárframlög	133	2.236	-2.103	128
Fjármunatekjur	3.911	6.928	-3.017	-14.851
Ýmsar fjármunatekjur	-175	-	-175	-18.716
Álag og dráttarvextir af skatttekjum	2.258	2.810	-552	2.127
Aðrar vaxtekjur	1.307	3.615	-2.309	1.275
Arðgreiðslur og tekjur frá ríkisfyrirtækjum	521	503	19	463
Aðrar tekjur	21.624	15.131	6.493	11.653
Veiðigjald	3.382	3.565	-183	3.275
Leigutekjur	282	1.315	-1.034	201
Sala á vöru og þjónustu	4.017	4.736	-718	3.749
Sektir og skaðabætur	2.964	2.199	766	875
Stöðugleikaframlög	450	61	389	7
Söluhagnaður eignahluta	8.791	-	8.791	3.112
Sala annarra auðlindaréttinda	1.654	1.134	520	305
Ýmsar og óskilgreindar tekjur	84	2.122	-2.037	129
Hlutdeild í afkomu	-28.659	-	-28.659	11.285
Ýmsar rekstrartekjur stofnana (45, 46, 47)	15.226	12.470	2.755	25.957
Tekjur samtals	431.148	426.289	4.858	398.401

Mánaðaryfirlit A – hluta ríkissjóðs



janúar – júní 2022

Yfirlit 5 – Málefнасvið, kostnaður

að frádregnum rekstrartekjum

	Rekstur	Fjár-	Áætlun		Frávik	Rekstur
	2022	festing	tímabils	Frávik	%	2021
<i>Allar tölur eru í millj.kr.</i>						
Málefнасvið samtals	569.126	17.230	546.232	-40.124	-7%	495.864
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	2.896	30	2.921	-5	0%	2.674
02 Dómstólar	1.850	10	2.115	256	12%	1.767
03 Æðsta stjórnarsýsla	1.173	76	1.461	213	15%	1.190
04 Utanríkismál	7.115	26	6.003	-1.138	-19%	6.075
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	11.664	759	9.744	-2.678	-27%	8.687
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og uppl.mál	1.560	6	1.585	19	1%	1.491
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargr.	6.401	1	4.828	-1.574	-33%	5.379
08 Sveitarfélög og byggðamál	13.300	-	13.405	105	1%	11.075
09 Almanna- og réttaröryggi	17.430	251	16.848	-833	-5%	16.585
10 Rétt. einst., trúmál og stj.sýsla dómsm.	9.248	43	8.804	-486	-6%	8.167
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	16.826	8.353	27.265	2.086	8%	15.582
12 Landbúnaður	9.930	6	10.002	66	1%	9.944
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	2.337	972	2.762	-546	-20%	2.194
14 Ferðaþjónusta	1.420	2	1.676	254	15%	2.548
15 Orkumál	702	3	2.402	1.696	71%	2.068
16 Mark.eftl., neyt.m. og stj.sl. atv.m.	1.999	4	1.605	-398	-25%	2.296
17 Umhverfismál	9.060	763	10.883	1.059	10%	8.170
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál .	10.323	110	8.271	-2.161	-26%	8.163
19 Fjölmíðlun	2.161	0	2.588	427	16%	2.364
20 Framhaldsskólastig	19.269	163	19.381	-51	0%	18.668
21 Háskólastig	22.452	669	20.929	-2.192	-10%	19.130
22 Ö. sk.st. og stj.sýsla mennt.- og m.mála ...	2.486	5	2.310	-181	-8%	2.595
23 Sjúkrahúsþjónusta	62.066	4.281	55.290	-11.056	-20%	54.458
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	34.336	90	30.825	-3.601	-12%	31.207
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta ...	29.232	336	33.534	3.966	12%	27.132
26 Lyf og lækningavörur	16.786	-	14.983	-1.803	-12%	15.678
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	39.346	0	40.795	1.449	4%	37.296
28 Málefni aldraðra	47.891	-	49.946	2.055	4%	45.558
29 Fjölskyldumál	28.553	36	26.860	-1.729	-6%	25.447
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	26.655	117	33.276	6.504	20%	55.554
31 Húsnæðisstuðningur	6.247	65	7.050	738	10%	8.117
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála ...	7.692	39	5.455	-2.276	-42%	7.082
33 Fjárm.kostn., ábyrgðir og lífeyrisskuldb.	94.526	-	64.416	-30.110	-47%	28.097
34 Alm. varasjóður og sért. fjárráðstafanir ...	-	-	-	-	-	-
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	4.195	15	6.013	1.803	30%	3.427

Mánaðaryfirlit A – hluta ríkissjóðs



janúar – júní 2022

Yfirlit 5 – Málefнасvið, kostnaður

að frádregnum rekstrartekjum

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstur 2022	Fjár- festing	Áætlun tímabils	Frávik	Frávik %	Rekstur 2021
Gjöld og tekjur utan málefnasviða						
99 Ríkissjóður	-394.584	-	-394.575	9	0%	-369.389
A-hluti í heild	174.542	17.230	151.658	-40.115	-26%	126.476

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - júní 2022



Yfirlit 6 - Málefнасvið, skipt niður á eðli útgjalda

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- gjöld	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Rekstrar- tekjur	Rekstur alls	Fjár- festingar	Raun	Áætlun tímabils	Frávik
Málefнасvið samtals	379.604	225.368	9.259	-45.105	569.126	17.230	586.357	546.232	-40.124
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	2.920	84	-	-107	2.896	30	2.926	2.921	-5
02 Dómstólar	1.851	0	-	-2	1.850	10	1.860	2.115	256
03 Æðsta stjórnarsýsla	1.136	45	-	-9	1.173	76	1.249	1.461	213
04 Utanríkismál	5.877	2.639	0	-1.401	7.115	26	7.141	6.003	-1.138
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	19.641	997	-	-8.975	11.664	759	12.423	9.744	-2.678
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	2.143	1	-	-583	1.560	6	1.566	1.585	19
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	399	1.741	4.709	-448	6.401	1	6.402	4.828	-1.574
08 Sveitarfélög og byggðamál	9	13.291	-	-	13.300	-	13.300	13.405	105
09 Almanna- og réttaröryggi	18.191	506	-	-1.267	17.430	251	17.680	16.848	-833
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla dómsmála	7.382	3.616	-	-1.750	9.248	43	9.290	8.804	-486
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	13.939	3.072	698	-884	16.826	8.353	25.180	27.265	2.086
12 Landbúnaður	1.253	8.883	-	-205	9.930	6	9.936	10.002	66
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	3.156	365	-	-1.185	2.337	972	3.309	2.762	-546
14 Ferðaþjónusta	316	1.121	-1	-16	1.420	2	1.422	1.676	254
15 Orkumál	334	412	-	-44	702	3	706	2.402	1.696
16 Mark.eft.lit, neyt.mál og stj.sýsla atv.mála	934	1.086	-	-21	1.999	4	2.004	1.605	-398
17 Umhverfismál	7.204	2.514	923	-1.580	9.060	763	9.824	10.883	1.059
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	6.061	4.683	367	-788	10.323	110	10.432	8.271	-2.161
19 Fjölmíðlun	2.161	-	-	-	2.161	0	2.161	2.588	427
20 Framhaldsskólastig	18.975	1.177	-	-884	19.269	163	19.432	19.381	-51
21 Háskólastig	23.255	3.067	2.305	-6.175	22.452	669	23.121	20.929	-2.192
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	2.144	897	-	-555	2.486	5	2.491	2.310	-181

Mánaðaryfirlit A – hluta ríkissjóðs

janúar – júní 2022



Yfirlit 6 – Málefнасvið, skipt niður á eðli útgjalda

	Rekstrar- gjöld	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Rekstrar- tekjur	Rekstur alls	Fjár- festingar	Raun	Áætlun tímabils	Frávik
<i>Allar tölur eru í millj.kr.</i>									
23 Sjúkrahúsþjónusta	68.850	2.306	-	-9.090	62.066	4.281	66.346	55.290	-11.056
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	24.158	14.561	-	-4.383	34.336	90	34.426	30.825	-3.601
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	29.997	17	547	-1.329	29.232	336	29.568	33.534	3.966
26 Lyf og lækningavörur	6.534	10.252	-	-	16.786	-	16.786	14.983	-1.803
27 Örorða og málefni fatlaðs fólks	224	39.126	-	-4	39.346	0	39.346	40.795	1.449
28 Málefni aldraðra	45	47.848	-	-2	47.891	-	47.891	49.946	2.055
29 Fjölskyldumál	2.279	26.412	10	-148	28.553	36	28.589	26.860	-1.729
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	3.449	25.423	-	-2.217	26.655	117	26.772	33.276	6.504
31 Húsnæðisstuðningur	1.306	5.634	-299	-394	6.247	65	6.312	7.050	738
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	7.952	393	0	-653	7.692	39	7.731	5.455	-2.276
33 Fjármagnskostn., ábyrgðir og lífeyrisskuldb.	94.526	-	-	-	94.526	-	94.526	64.416	-30.110
34 Alm. varasjóður og sért. fjárráðstafanir	-	-	-	-	-	-	-	-	-
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	1.004	3.197	-	-6	4.195	15	4.210	6.013	1.803
Gjöld og tekjur utan málefnasviða	-4.075	-2.428	-3.054	9.557	-	-			
99 Ríkissjóður	-	-	-	-	-	-			
Viðskipti milli stofnana	-4.075	-2.428	-3.054	9.557	-	-			
A-hluti í heild	375.529	222.941	6.205	-35.548	569.126	17.230			

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - júní 2022

Yfirlit 7 - Hagræn skipting niður á málefnasvið

Allar tölur eru í millj.kr.	Raun	Aætlun		Fyrri ár
		tímabils	Frávik	
Rekstrargjöld	379.604	341.852	-37.752	289.490
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	2.920	2.875	-44	2.682
02 Dómsstólar	1.851	2.089	238	1.768
03 Æðsta stjórnarsýsla	1.136	1.190	54	1.167
04 Utanríkismál	5.877	4.826	-1.051	5.641
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	19.641	17.901	-1.740	16.189
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	2.143	2.172	29	2.118
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	399	327	-71	701
08 Sveitarfélög og byggðamál	9	18	9	11
09 Almanna- og réttaröryggi	18.191	17.233	-958	17.572
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla dómsmála	7.382	6.368	-1.014	5.203
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	13.939	15.121	1.182	13.229
12 Landbúnaður	1.253	1.414	161	1.318
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	3.156	2.770	-387	2.655
14 Ferðapjónusta	316	545	229	317
15 Orkumál	334	413	79	296
16 Markaðsreglugerð, neyt.mál og stj.sýsla atv.mála	934	386	-548	1.185
17 Umhverfismál	7.204	7.115	-89	6.613
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	6.061	6.057	-4	5.098
19 Fjölmíðlun	2.161	2.588	427	2.364
20 Framhaldsskólastig	18.975	18.944	-31	18.303
21 Háskólastig	23.255	23.152	-103	19.287
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	2.144	2.118	-26	2.015
23 Sjúkrahúspjónusta	68.850	67.779	-1.071	61.310
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	24.158	22.202	-1.956	25.960
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	29.997	30.614	617	27.446
26 Lyf og lækningavörur	6.534	6.185	-349	6.076
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	224	93	-131	277
28 Málefni aldraðra	45	33	-12	32
29 Fjölskyldumál	2.279	3.170	891	2.081
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	3.449	3.322	-127	3.721
31 Húsnæðisstuðningur	1.306	1.466	159	123
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	7.952	5.950	-2.002	7.858
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldb.	94.526	64.416	-30.110	28.097
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	-	-	-	-
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	1.004	1.002	-1	775

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - júní 2022

Yfirlit 7 - Hagræn skipting niður á málefnasvið

Allar tölur eru í millj.kr.	Raun	Aætlun		Fyrri ár
		tímabils	Frávik	
Rekstrartilfærslur	225.368	227.368	2.000	243.073
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	84	77	-7	81
02 Dómsstólar	0	-	0	-
03 Æðsta stjórnarsýsla	45	37	-9	34
04 Utanríkismál	2.639	1.387	-1.252	1.843
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	997	972	-25	1.022
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	1	-	-1	-
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	1.741	926	-815	1.024
08 Sveitarfélög og byggðamál	13.291	13.387	96	11.064
09 Almanna- og réttaröryggi	506	120	-385	276
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla dómsmála	3.616	3.675	59	3.452
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	3.072	2.901	-171	2.327
12 Landbúnaður	8.883	8.876	-7	8.891
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	365	481	115	318
14 Ferðapjónusta	1.121	601	-520	1.427
15 Orkumál	412	2.102	1.690	1.783
16 Markaðir, neyt.mál og stj.sýsla atv.mála	1.086	1.214	127	1.179
17 Umhverfismál	2.514	3.678	1.164	2.119
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	4.683	2.737	-1.946	3.154
19 Fjölmíðlun	-	-	-	-
20 Framhaldsskólastig	1.177	902	-276	1.030
21 Háskólastig	3.067	3.915	848	5.808
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	897	906	9	964
23 Sjúkrahúsþjónusta	2.306	-2.621	-4.927	2.029
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	14.561	14.817	255	14.304
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	17	447	430	-
26 Lyf og lækningavörur	10.252	8.798	-1.453	9.602
27 Örorða og málefni fatlaðs fólks	39.126	40.706	1.580	37.023
28 Málefni aldraðra	47.848	49.918	2.070	45.528
29 Fjölskyldumál	26.412	23.694	-2.718	23.455
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	25.423	31.551	6.128	53.729
31 Húsnæðisstuðningur	5.634	5.910	276	6.089
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	393	244	-148	822
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldb.	-	-	-	-
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	-	-	-	-
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	3.197	5.011	1.814	2.698

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - júní 2022

Yfirlit 7 - Hagræn skipting niður á málefnasvið

Allar tölur eru í millj.kr.	Aætlun			
	Raun	tímabils	Frávik	Fyrri ár
Fjármagnstilfærslur	9.259	7.526	-1.733	10.375
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	-	-	-	-
02 Dómstólar	-	-	-	-
03 Æðsta stjórnarsýsla	-	-	-	-
04 Utanríkismál	0	-	0	-
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	-	-	-	-
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	-	-	-	-
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	4.709	3.663	-1.046	4.168
08 Sveitarfélög og byggðamál	-	-	-	-
09 Almanna- og réttaröryggi	-	-	-	0
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla dómsmála	-	-	-	-
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	698	534	-164	904
12 Landbúnaður	-	-	-	-
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	-	-	-	-
14 Ferðapjónusta	-1	544	545	841
15 Orkumál	-	-	-	50
16 Mark.eftirlit, neyt.mál og stj.sýsla atv.mála	-	-	-	-
17 Umhverfismál	923	1.282	359	1.009
18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál	367	353	-14	381
19 Fjölmíðlun	-	-	-	-
20 Framhaldsskólastig	-	-	-	30
21 Háskólastig	2.305	-	-2.305	18
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	-	-	-	-
23 Sjúkrahúsaþjónusta	-	-	-	-
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	-	-	-	-
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	547	1.150	603	1.068
26 Lyf og lækningavörur	-	-	-	-
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	-	-	-	-
28 Málefni aldraðra	-	-	-	-
29 Fjölskyldumál	10	-	-10	-
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	-	-	-	-
31 Húsnæðisstuðningur	-299	0	299	1.905
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	0	-	0	2
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldb.	-	-	-	-
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	-	-	-	-
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	-	-	-	-
Gjöld samtals	614.231	576.746	37.486	542.938

Mánaðaryfirlit A – hluta ríkissjóðs



janúar – júní 2022

Yfirlit 7 – Hagræn skipting niður á málefnasvið

Allar tölur eru í millj.kr.	Aætlun			
	Raun	tímabils	Frávik	Fyrra ár
Rekstrartekjur	-45.105	-46.140	-1.035	-47.074
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	-107	-94	14	-89
02 Dómsstólar	-2	0	2	-2
03 Æðsta stjórnarsýsla	-9	-	9	-11
04 Utanríkismál	-1.401	-214	1.186	-1.409
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	-8.975	-9.208	-233	-8.525
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	-583	-620	-37	-628
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	-448	-89	359	-513
08 Sveitarfélög og byggðamál	-	-	-	-
09 Almanna- og réttaröryggi	-1.267	-1.317	-50	-1.264
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla dómsmála	-1.750	-1.272	479	-487
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	-884	-1.864	-980	-878
12 Landbúnaður	-205	-298	-92	-264
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	-1.185	-598	587	-779
14 Ferðapjónusta	-16	-13	2	-36
15 Orkumál	-44	-116	-73	-61
16 Mark.eftirlit, neyt.mál og stj.sýsla atv.mála	-21	-5	16	-68
17 Umhverfismál	-1.580	-1.370	211	-1.571
18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál	-788	-1.021	-233	-471
19 Fjölmíðlun	-	-	-	-
20 Framhaldsskólastig	-884	-728	155	-695
21 Háskólastig	-6.175	-6.293	-118	-5.983
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	-555	-716	-161	-384
23 Sjúkrahúsapjónusta	-9.090	-9.911	-821	-8.882
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	-4.383	-6.241	-1.857	-9.056
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	-1.329	-1.299	30	-1.382
26 Lyf og lækningavörur	-	-	-	-
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	-4	-4	0	-4
28 Málefni aldraðra	-2	-4	-2	-2
29 Fjölskyldumál	-148	-22	125	-89
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	-2.217	-1.614	603	-1.896
31 Húsnæðisstuðningur	-394	-442	-48	-
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	-653	-768	-115	-1.601
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldb.	-	-	-	-
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	-	-	-	-
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	-6	-	6	-46
Rekstur samtals	569.126	530.605	-38.521	495.864

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - júní 2022

Yfirlit 7 - Hagræn skipting niður á málefnasvið

Allar tölur eru í millj.kr.	Aætlun			
	Raun	tímabils	Frávik	Fyrra ár
Fjárfestingarframlög	17.230	15.627	-1.603	18.698
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	30	62	32	48
02 Dómstólar	10	26	16	11
03 Æðsta stjórnarsýsla	76	235	158	48
04 Utanríkismál	26	4	-22	50
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	759	79	-680	976
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	6	33	27	15
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	1	0	-1	2
08 Sveitarfélög og byggðamál	-	-	0	-
09 Almanna- og réttaröryggi	251	812	561	377
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla dómsmála	43	33	-10	27
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	8.353	10.573	2.219	10.690
12 Landbúnaður	6	10	5	24
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	972	110	-862	111
14 Ferðapjónusta	2	-	-2	1
15 Orkumál	3	4	1	-
16 Mark.eftirlit, neyt.mál og stj.sýsla atv.mála	4	11	6	12
17 Umhverfismál	763	179	-585	592
18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál	110	146	36	71
19 Fjölmíðlun	0	-	0	2
20 Framhaldsskólastig	163	263	100	138
21 Háskólastig	669	155	-514	261
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	5	2	-3	28
23 Sjúkrahúspjónusta	4.281	44	-4.237	4.568
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	90	47	-43	75
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	336	2.622	2.285	482
26 Lyf og lækningavörur	-	-	-	-
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	0	-	0	1
28 Málefni aldraðra	-	-	-	-
29 Fjölskyldumál	36	18	-17	19
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	117	17	-100	6
31 Húsnæðisstuðningur	65	116	51	-
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	39	29	-10	59
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldb.	-	-	-	-
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	-	-	-	-
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	15	-	-15	2

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - júní 2022

Yfirlit 8 - Lánayfirlit



	Árslok	Hreyfingar á árinu 2022			Júnílok 2022
	2021	Tekin / Veitt	Afborgun	Endurmat	Samtals
<i>Allar tölur eru í millj.kr.</i>	Samtals	lán			
Veitt löng lán, nettó	68.344	12.025	-2.824	-6.071	71.474
Veitt löng lán	72.943	12.025	-2.824	-6.071	76.073
Veitt lán til Seðlabanka Íslands	-	-	-	-	-
Veitt lán, önnur	72.943	12.025	-2.824	-6.071	76.073
Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldur	-4.599	-	-	-	-4.599
Tekin löng lán, nettó	-1.310.572	-210.610	31.560	-11.946	-1.501.567
Tekin löng lán	-1.495.017	-210.555	31.560	-11.946	-1.685.958
Spariskírteini	-394.212	-142.520	100	-31.057	-567.689
Ríkisbréf	-531.521	-68.014	18.155	-	-581.380
Seðlabanki Íslands	-	-	-	-	-
Önnur innlend lán	-225.183	-21	1.140	-299	-224.363
Erlend lán	-344.100	-	12.165	19.409	-312.526
Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldir	184.445	-55			184.390

1) Eignaaukning eða skuldaminnkun = -